

FRÁSÖGN*af 37. fundi þingmannanefndar EES í Strassborg 26.-27. október 2011*

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefnda EFTA og EES sóttu fundinn þau Árne Þór Sigurðsson formaður, Magnús Orri Schram, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Skúli Helgason og Þorgerður K. Gunnarsdóttir, auk Stígs Stefánssonar ritara Íslandsdeildar. Helstu dagskrármál fundarins voru þróun EES-samningsins, þær úttektir sem unnið er að í Noregi og innan ráðherraráðs ESB á EES-samningnum, staða mála hjá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA), stefna ESB í upplýsingatækni, og þróunarsjóðir EFTA og Noregs fyrir EES.

Á fundi þingmannanefndar EES var fulltrúum stofnana ESB og EFTA að venju boðið að hafa framsögur í umræðum um þróun og framkvæmd EES-samningsins. Í umræðunni kom fram að rekstur samningsins gengur vel og EES/EFTA-ríkin innleiða EES-gerðir hratt og örugglega. Svokallaður innleiðingarhalli EES/EFTA-ríkjanna, sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) tekur saman, er innan við 1% sem er undir þeim mörkum sem ríkin miða við að halda sig innan. Fjallað var um yfirstandandi fjármálakreppu, sér í lagi vanda evrusvæðisins, sem hefur áhrif á öll ríki EES. Fram kom að björgunaraðgerðir ESB falla utan við gildissvið EES-samningsins. Styrking löggjafar um innri markaðinn sem einnig er viðbragð við kreppunni fellur þó innan samningsins. Gianluca Grippa greindi frá stöðu úttektar sem ráðherraráð ESB fól utanríkisþjónustu sambandsins að gera á virkni EES-samningsins. Lagði hann áherslu á að helsti tilgangur úttektarinnar væri að auka praktískan sveigjanleika og skilvirkni samningsins enda hefðu aðstæður gjörbreyst frá því að hann gekk í gildi. Niðurstöður munu liggja fyrir 2012 og þá verður samstarfsaðilum frá EFTA-hlið EES greint frá þeim.

Oda Sletnes, nýr forseti ESA, hélt venjubundið erindi um stöðu mála hjá Eftirlitsstofnuninni og kom íslenska bankahrunið og afleiðingar þess þar töluvert við sögu. ESA hefði hafið formlega rannsókn á ríkisstyrkjum til fjármálafyrirtækja eftir hrún. Nefndi Sletnes sérstaklega að það væri undarlegt að Íslandsbanki væri að kaupa Byr, banki sem hefði þurft stuðning ríkisins ætti ekki að kaupa annan banka nema það væri nauðsynlegt til að tryggja fjármálalegan stöðugleika. Þá sagði Sletnes Icesave-málið í farvegi. Íslensk stjórnvöld hefðu svarað rökstuddu álitu ESA í byrjun september og það svar væri í skoðun hjá stofnuninni. Benti hún á að framkvæmdastjórn ESB tæki undir lögfræðilegt mat ESA í málinu í framvinduskýrslu um aðildarviðræður við Ísland sem út kom 12. október sl. Loks sagði Sletnes ESA hafa beint því til Íslands og Noregs að breyta reglum um greiðslur atvinnuleysisbóta til útlendinga þar sem þess er krafist að þeir hafi unnið í ákveðinn tíma til að vinna sér inn rétt til bóta. Bæði ríkin hafa lýst því yfir að þau muni breyta reglum sínum í þessu sambandi.

Árne Þór Sigurðsson sagði það margítrekað af hálfu ESB að litið væri á Icesave-málið sem tvíhliða mál Íslands annars vegar og Hollands og Bretlands hins vegar og því væri vísun forseta ESA til þess að framkvæmdastjórnin styddi lögfræðialit ESA marklaus. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson taldi málsmeðferð ESA undarlega og minnti á að fyrri forseti hefði haft uppi sterkar skoðanir á málinu á opinberum vettvangi áður en það barst á borð ESA. Rökstutt álit ESA bæri meiri keim af pólitík en lögfræði og óljóst væri af hverju framkvæmdastjórn ESB og ESA fyndu hjá sér þörf til að vísa í álit hvort annars í málinu. Þorgerður K. Gunnarsdóttir tók undir með fyrri ræðumönnum en spurði Sletnes jafnframt út í líklegan tímaramma Icesave-málsins. Sletnes sagði ekki hægt að meta það, málið væri í eðlilegum farvegi og ESA mundi svara síðasta bréfi íslenskra stjórnvalda þegar mat á því lægi fyrir. Þá lýsti Þorgerður áhyggjum af væntanlegri breytingu á reglum um innstæðutryggingar banka á EES sem gera ráð fyrir að lágmarkstrygging hækki úr 20.000 í 100.000 evrur.

Þá var tekin til umfjöllunar skýrsla Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar og Evrópuþingmannsins Paul Rübiger um stefnu ESB á sviði upplýsingatækni og EES. Sigmundur Davíð flutti framsögu og fjallaði um hvernig aukin notkun og þróun upplýsingatækni gæti haft áhrif til góðs við margvíslegan vanda sem samfélög Evrópu eiga við að glíma svo sem loftslagsbreytingar og umhverfisvá, fjölgun eldri borgara og aukin útgjöld til heilbrigðismála, og þörf á þróun skilvirkari almannáþjónustu. Stefnan væri viðbrögð við áskorunum á sjö sviðum sem eru eftirfarandi: skortur á einum samhæfðum markaði á sviði upplýsingatækni; skortur á samhæfingu upplýsingatæknikerfa í álfunni; aukin tíðni tölvuglæpa og hætta á minnkandi trausti á upplýsingatækni þeim samfara; skortur á fjárfestingum í kerfum; lág framlög til rannsókna og þróunar; skortur á tölvulæsi; og glötuð tækifæri til að fást við félagsleg vandamál með upplýsingatækni.

Þá var tekin fyrir skýrsla Harald T. Nesvik og Zuzana Brzobohata um þróunarstyrki EFTA og Noregs til fátækari ríkja ESB. Styrkirnir nema alls 3,1 milljarði evra á tímabilinu 2004-2014 og eru framlag EFTA-ríkjanna til að stuðla að félagslegum jöfnuði á EES-svæðinu. Fjórðungi upphæðarinnar hefur verið varið í verkefni á sviði umhverfismála en styrkir hafa einnig runnið til verkefna á sviði varðveislu menningarminja, stúdentaskipta, innanríkismála, stefnumótunar á heilbrigðissviði og til stuðnings frjálsum félagasamtökum.

Loks var fjallað um skýrslu Nikolai Astrup og Anna Hedh um evrópskt kerfi um skilgjald á drykkjarvöruumbúðum til að tryggja endurvinnslu á þeim.

Í lok fundar samþykkti þingmannanefndin þrjár ályktanir, um stefnu ESB á sviði upplýsingatækni og EES, þróunarstyrki EFTA og Noregs, og skilgjaldakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir.

Næsti fundur fer fram á Akureyri 3.-4. maí nk. og þá verða m.a. teknar fyrir skýrslur um ársskýrslu sameiginlegu EES-nefndarinnar, yfirstandandi endurskoðun sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu ESB, úttektir framkvæmdastjórnar ESB og Noregs á EES-samstarfinu, og hvítbók ESB um samgöngumál.

Frekari upplýsingar fást á vefsíðunni www.efta.int og á nefndasviði.